

Stormurinn - reynslusaga ráðherra

Bókarhöfundur: Björgvin G. Sigurðsson

Bókarheiti: Stormurinn - reynslusaga ráðherra

Gagnrýnandi: Davíð Logi Sigurðsson, sagnfræðingur

Útgáfa: Nýtt land, Reykjavík 2010, 222 bls.

Útdráttur: *Björgvin G. Sigurðsson átti undir högg að sækja sem viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, a.m.k. ef marka má þá staðreynd að það var aðeins seint og um síðir sem hann var kallaður að borðinu helgina örlagaríku þegar ríkið tók Glitni yfir, í september 2008. Sjálfur vill Björgvin meina að margt gott hafi verið gert í ráðherratið hans og hann telur fjarri lagi að eðlilegt hefði verið að vísa máli hans fyrir Landsdóm, þar sem hann hefði þurft að svara ákæru um vanrækslu í starfi. Björgvin slapp raunar við þau örlög, þegar Alþingi greiddi atkvæði þar um nú í haust, og bók hans Stormurinn markar viðleitni hans til að minna á sig, í pólitísku tilliti. Því fer hins vegar fjarri að bók hans risti nógu djúpt til að geta talist skyldulesning.*

PÓLÍTÍSKUR MYNDUGLEIKI Í FÁRVIÐRI HRUNSINS

Stormurinn – reynslusaga ráðherra ber þess merki að hafa verið skrifuð nokkuð hratt af höfundinum, Björgvin G. Sigurðssyni, sem var viðskiptaráðherra í bankahruninu 2008. Inngangspunktur sögunnar er atkvæðagreiðslan á Alþingi nú í haust, þar sem ákveðið var að senda Geir H. Haarde fyrir landsdóm, en Björgvin og aðrir tilnefndir ráðherrar sluppu með skrekkin og þurfa ekki að svara frekar ásökunum um vanrækslu í starfi. Björgvin stóð því á tímamótum og væntanlega vakti fyrir honum með þessari bók að gera upp málin, en líka horfa fram á veginn.

Björgvin varð ráðherra viðskiptamála þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var mynduð vorið 2007. Því embætti gegndi hann þar til í janúar 2009 þegar hann kaus að segja af sér. „Ekkert er þess virði að það ræni mann ró og lífsánægju,“ segir hann (bls. 126) og fjallar einkum um álagið sem hann sjálfur, fjölskylda hans og samstarfsfólk í viðskiptaráðuneytinu voru undir í eftirmála hrunsins, en gríðarleg bylgja reiði og mótmæla hafði blossað upp í samfélaginu. Björgvin hafði þó raunar hugleitt að segja af sér strax eftir að ákveðið hafði verið að ríkið tæki Glitni yfir, helgina örlagaríku 27.-28. september 2008, „vegna þess hvernig mér, ráðuneytinu og Samfylkingunni hafði verið haldið utan við atburðarás og ákvarðanir“ eins og hann kemst að orði (bls. 29). Nánustu samherjar Björgvins fengu hann ofan af þessum áformum, m.a. með því að skírskota til þess að „ástand þjóðmála væri svo stökkt að það væri ekki ábyrg ákvörðun að ganga á brott og fella hugsanlega með því ríkisstjórnina“.

Sömuleiðis var Björgvin eina helgi í desember 2008 „nánast ákveðinn“ í að segja af sér, „til þess að ryðja með einhverjum hætti brautina að uppgjöri“. En „allir“ hans traustustu félagar og vinir í stjórnmalunum réðu honum frá því enn á ný. Töldu þeir að með því færi af stað hrina afsagna sem yrði til þess að stjórnin félli og hins vegar að með afsögn væri Björgvin að axla ábyrgð á „áralangri röð mistaka, fyrirhyggjuleysis og óstjórnar í efnahagsmálum“ sem hann bæri enga raunverulega ábyrgð á (bls. 119-120). Sífelldar vangaveltur Björgvins um afsögn hljóta að vera til marks um að honum hafi þótt staða sín á ráðherrastóli óþolandi. En sú sér-íslenska hefð er sterk að menn eigi aldrei að standa upp úr ráðherrastóli ótilneyddir, né gangast að eigin frumkvæði við ábyrgð á því sem illa hefur farið (einna helst hefur það gerst þannig að menn lýsa því yfir að þeir axli alla ábyrgð, en sitja svo sem fastast, líkt og með því einfaldlega að segjast axla ábyrgð séu menn í raun og sann að því).

Til að allrar sanngirni sé gætt var Björgvin auðvitað í erfiðri stöðu. Með afsögn snemma í ferlinu hefði honum privat og persónulega hugsanlega tekist að halda nokkrum pólitískum myndugleika, því þannig hefði hann af prinsippástæðum horfið úr ríkisstjórn, eftir að hafa mátt sæta því að forystumenn ríkisstjórnarinnar, þ.m.t. formaður hans eigin flokks, létu hjá líða að hafa hann til ráðagerðar um mál, sem heyrðu klárlega undir ráðuneyti hans. En á hinn bóginn var það sjálfsagt rétt mat að afsögn strax eftir „Glitnishelgina“ hefði getað stuðlað að upplausn – þó að eftirá sé hægt að vera vitur og segja sem svo að sú atburðarás sem fór af stað þessa helgi hafi hvort eð var leyst úr læðingi slíkt fátíðri að afsögn viðskiptaráðherrans hefði fljótt fallið í skuggann.

Ungur ráðherra og óreyndur? Það vekur eftirtekt hversu oft Björgvin vísar til þess að hann hafi verið – og að hann hafi þótt vera – helst til ungar til að hljóta ráðherradóm. Nú má deila um hvort maður á þrítugasta og sjöunda ári teljist sérlega ungur í þessu samhengi; í yngri kantinum kannski, en þó ekki þannig að viðkomandi eigi ekki að geta valdið vandasömu verkefni, hafi hann til að bera þokkalega

hagnýta reynslu og þekkingu á málaflokknum. Hafi þessu ekki verið til að dreifa má Björgvin eiga það að hann leysti það vandamál ágætlega með því að ráða sér öflugan aðstoðarmann, hagfræðidoktorinn Jón Þór Sturluson. Á hinn bóginn þróuðust mál þannig að á örlagastundu (helgina sem Glitnir féll) var það aðstoðarmaðurinn sem var kallaður til, en ekki ráðherrann, sem hlýtur óhjákvæmlega að vekja spurningar um eðlilega stjórnsýslu og, jú, hvort Björgvin hafi mistekist á þeim tíma sem hann hafði setið í ríkisstjórn að stimpla sig inn sem þungaviktarmaður í stjórnámálum. Björgvin ber sig að visu vel og hann færir rök fyrir því að margt gott hafi verið gert á skömmum tíma í viðskiptaráðuneytinu. Samt er eins og hann efist um að lesandinn láti sannfærast, því að hann minnir oft en einu sinni á að ráðuneytið hafi verið nýtt (þ.e. ekki verið til sem sérstakt ráðuneyti árin á undan) og áhöfnin á skútunni fáskipuð í upphafi, sem staðið hafi honum og góðu samstarfsfólki hans fyrir þrifum.

Björgvin segir að þrátt fyrir afsögn úr ríkisstjórn og tal um að Landsdómur kynni að verða kallaður til, svo hægt yrði að rétta yfir ráðherrum sem hugsanlega gerðu sig seka um vanrækslu í starfi, hafi aldrei hvarflað að honum annað en halda áfram í stjórnámálum. Hann fór því í prófkjör fyrir alþingiskosningarnar vorið 2009 og vann þar, nota bene, góðan sigur í kjördæmi sínu. Eftir sem áður var staða hans veikari en áður – og hann hafði sjálfur orð á því við Jóhönnu Sigurðardóttur eftir kosningarnar að ekki væri rétt að nafn hans væri nefnt í tengslum við mögulegan ráðherradóm, a.m.k. ekki fyrr en öll mál á hendur honum fyrir Alþingi væru um garð gengin.

Í þessum skilningi er freistandi að álykta að Björgvin hafi séð þessa bók fyrir sér, í kjölfar þess að allur frekari málarekstur á hendur honum var úr sögunni, sem eins konar „yfirlýsingu um ásetning“, þ.e. að hann hygðist á nýjan leik taka að fullu þátt í íslenskum stjórnámálum og setja sitt mark á umræður um framtíð Íslands. Satt best að segja er uppgjör hans við menn og málefni hins vegar of máttlaust til að ná máli. Það vantar allt kjöt á beinin og orðalag er alltof gjarnan almennt – svo sem „margir“ sögðu, „aðrir“ töldu o.s.frv. – þegar vel hefði farið á því að rekja hver nákvæmlega sagði hvað og hver nákvæmlega taldi hvað. Undir það síðasta verður frásögnin líka nokkuð losaraleg. Síðasti kafli bókarinnar (utan eftirmála) fjallar um ungliðaár Björgvins, tilurð Samfylkingarinnar og þar fram eftir götum. Sá kafli á ekki heima aftast í þessari bók, a.m.k. ekki eins og hann er skrifaður, og hefði jafnvel mátt missa sín alveg.